



Fundarboð

Anna Agnarsdóttir

prófessor við Sagnfræðiskor Háskóla Íslands heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga í **Norræna húsinu miðvikudaginn 31. janúar 2007, kl. 20:00**

Ísland í Danaveldi: Hjálenda eða nýlenda?

Danir áttu á sínum tíma “heimsveldi”: Noreg, hertogadæmin Slesvík og Holtsetaland, þrjár sykureyjar í Karabíska hafinu (St. John, St. Croix og St. Thomas), Nicobar-eyjarnar, verslunarstaði á Gíneuströnd og á Indlandi (Tranquebar og Serampore), að ógleymdum eyjunum í Norður-Atlantshafi: Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Alveg frá miðöldum og/eða einveldisöld og fram á 19. og 20. öld voru íbúar þessara ólíku byggða þegnar Danakonungs og var þeim stjórnað frá Kaupmannahöfn. Á það reyndar við um sumu enn.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um stöðu Íslands í Danaveldi í samanburði við aðrar nýlendur/hjálendur Dana. Naut Ísland sérstöðu? Hér var aldrei danskt herlið, Íslendingar fengu að halda tungu sinni og menningu, áttu fulltrúa á þingi Eydana í Hróarskeldu og íslenskir námsmenn nutu Garðstyrks svo nokkur dæmi séu nefnd. Voru þetta sérréttindi? Að mörgu leyti var Noregi, Íslandi og Færeyjum stjórnað á svipaðan hátt – en þó ekki að öllu leyti. Var eitthvað sérstakt við stjórn Dana á Íslandi? Var einokunarverslunin með nýlendusniði? Gat Ísland sjálf gert tilkall til nýlendna, t.d. Grænlands og ef til vill Nýja-Íslands í Kanada? Hvort var Ísland hjálenda eða nýlenda Aldinborgarakonunga?

Í upphafi fundar verður minnst tveggja látinna félaga.

Fundurinn er öllum opinn. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörið svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.